



Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Selfossi, 10. apríl 2024

Efni: Umsögn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) um drög að borgarstefnu sem er til umsagnar á Samráðsgáttinni.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) fagnar frumkvæði innviðaráðuneytisins að móta heildstæða borgarstefnu fyrir Ísland. Það er mikilvægt skref í átt að samhæfðari og sjálfbærari þróun borgarsvæða og ekki síður dreifðra byggða í landinu.

Í framtíðarsýn stefnunnar er talað um að borgarstefna muni auk þess að styrkja höfuðborgarhlutverk Reykjavíkur styrkja höfuðborgarsvæðið og áhrifasvæði höfuðborgarinnar. Í ljósi þess telur SASS ekki koma nægjanlega skýrt fram hvernig styrkingin skili sér út á áhrifasvæðin sem vesturhluti Suðurlands að Hvítá er skilgreint innan og enn síður á landsbyggðina utan þess. Á síðustu árum hefur búseta á áhrifasvæðum höfuðborgarinnar aukist mikið og sækir fólk af höfuðborgarsvæðinu út á áhrifasvæðin það er þáttur sem mætti mæla þar sem aðeins er fjallað um atvinnusókn áhrifasvæða inn á höfuðborgarsvæðið en ekki í hina áttina.

Samgöngur: Drögin segja aðgengi allra landsmanna að þjónustu, verslun, menningu og öðrum gæðum borga aukast. Í því ljósi leggja fyrirbyggjandi drög ekki nægilega áherslu á samgöngur til og frá höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. tengingu almenningsamgangna (Strætó) fyrir landsbyggðina við borgarlínu. Til að tryggja jöfn tækifæri fyrir íbúa landsbyggðarinnar er mikilvægt að skipulag almenningsamgangna, sem tengja landsbyggðina við stærri borgarsvæði og þjónustumiðstöðvar, taki líka mið af þörfum landsbyggðanna. Þetta á ekki síður við um flug til og frá borgunum. Töluvert er fjallað um flugvöllinn á Akureyri en ekkert um flugvöllinn í Reykjavík utan að vísað er í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024 – 2038. Undirstrika verður að skyldur höfuðborgarinnar við innanlandsflug eru miklar. Fjallað er um að unnið sé að stórfelldri uppbyggingu innviða fyrir alla ferðamáta og því eðlilegt að flugsamgangna sé þar getið enda miðar borgarstefna að því að auka aðgengi og jafnræði íbúa um allt land að borgarsvæðunum.

Staðsetning þjónustustofnana: Borgarstefnan þarf að innihalda skýrari áætlanir um staðsetningu og dreifingu þjónustustofnana s.s. heilbrigðisstofnana, menntastofnana og stjórnsýslu, til að tryggja að landsbyggðin njóti sömu þjónustu og borgarsvæðin. Gjalda ber varhug við of mikilli samþjöppun þjónustustofnana ekki síst með tilliti til ýmissar náttúruvár sem upp getur komið á höfuðborgarsvæðinu



Því er óvarlegt að stefna að því að öll sérhæfð sjúkrahúspjónusta sé aðeins veitt á tveimur sjúkrahúsum á landinu.

Efnahagsþróun og atvinnutækifæri: Áherslan og krafan er um styrkingu efnahags- og atvinnutækifæra á stærri borgarsvæðum. SASS gerir ekki athugasemd við það en telur að skýra þurfi betur hver ávinningur dreifðari byggða er af þessu en ljóst er að vinnusókn er til og frá borgum. Þó vestasti hluti Suðurlands liggja að höfuðborgarsvæðinu er það svæði ekki úthverfi höfuðborgarinnar.

Innan áhrifasvæðis höfuðborgarinnar Hvítár – Hvítár svæðisins búa um 82% þjóðarinnar en á áhrifasvæði Reykjavíkur verður aðeins rúmur helmingur vergrar landsframleiðslu Íslands til þannig að tæplega helmingur vergrar landsframleiðslu verður til utan áhrifasvæðis Reykjavíkur þar sem um 18% þjóðarinnar búa og er því nokkuð ljóst að koma þarf betur fram hver réttindi og skyldur höfuðborgarinnar eru gagnvart öðrum landsvæðum og hvernig markmiðum um aðgengi og styrkingu annarra svæða verður náð fram eins og framtíðarsýnin kveður á um.

Samráð og þátttaka landsbyggðanna: Mikilvægt er að borgarstefnan tryggi raunverulegt samráð og þátttöku landsbyggðarinnar í stefnumörkuninni ekki síst innan áhrifasvæða borganna. Nauðsynlegt er að það sé virkt samráð sem hafi að leiðarljósi að taka mið af hagsmunum allra svæða.

Fyrirgreind atriði undirstrika mikilvægi þess að borgarstefnan taki mið af og styðji við þarfir og hagsmuni landsbyggðarinnar á jafnréttisgrundvelli við þéttbýlisvæðin. Þróun sjálfbærar og blómlegrar þjóðar krefst samhentra aðgerða sem ná yfir allt landið.

SASS telur að leggja þurfi meiri áherslu á og skýra betur hvernig stefnan styðja við sjálfbærni og þróun dreifðra byggða og hvetur til að tekið verði tillit til fyrirgreindra atriða áður en endanlega borgarstefna verður samþykkt. Væntum áframhaldandi góðs og náins samstarfs við mótun endanlegrar tillögu.

Virðingarfyllt,

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri